

tilkynnt upphafsdag þessara veiða með eins sólarhrings fyrirvara. Þessu aflamagni skal skipt milli veiðileyfishafa þannig að öll skipin fái jafnan grunnkvóta og hvert þeirra auk þess magn sem nemur tilteknu margfeldi þess aflamagns, sem viðkomandi skip hefur mest komið með að landi í einstakri veiðiferð. Ráðuneytið mun tilkynna áður en þessar veiðar hefjast hvert heildaraflamagnið skuli vera og hver verði veiðikvóti hvers einstaks skips samkvæmt ofangreindri reglu.

4. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 3 500 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 1 400 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1980.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 441 29. desember 1978 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1979.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.